

Reykholahreppur
Bogi Kristinsson Magnusen
Maríutróð 5a
380 Reykholahreppur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 3. maí 2016
UST201604-031/B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Innstipollur í Flatey. Umsögn


Vísað er til bréfs Reykholahrepps dags. 30. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.


Varðandi aðkomu að smábátahöfn telur Umhverfisstofnun að kanna eigi hvort betur færi á því að leggja veg milli ferjuhafnar og smábátahafnar norðan fjörunnar í stað þess að beina umferð um aðkomuveg að ferjuhöfn.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við hafnarsvæði. Hér er verið að nýta svæði sem þegar hefur verið raskað vegna sambærilegra framkvæmda. Umhverfisstofnun telur jákvætt að í deiliskipulagi sé lögð áhersla á að frágangur skuli vera til fyrirmyndar.

Umhverfisstofnun vill í þessu sambandi benda á mannvirkjagerð við höfnina á Arnarstapa sem stofnunin telur til fyrirmyndar.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur